

**Nd. 412. Frumvarp til laga**

um niðurlagningu landssmiðjunnar.

Flm.: Jón Pálmason, Pétur Ottesen.

1. gr.

Starfsemi landssmiðjunnar skal lögð niður eigi síðar en 1. janúar 1939.

2. gr.

Ríkisstjórnin annast um, í samráði við vegamálastjóra og vitamálastjóra, að koma eignum landssmiðjunnar í verð svo fljótt sem verða má, eða leigja þær, ef sala reynist ekki fær.

3. gr.

Lög nr. 102 frá 23. júní 1936, um landssmiðju, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Samkvæmt upplýsingum, sem legið hafa fyrir fjárveitinganefnd, er bersýnilegur hallarekstur framvegis á landssmiðjunni og hún alls ekki samkeppnisfær. Er því um tvennt að ræða, að leggja smiðjuna niður, eða verja mörgum tugum þúsunda króna til nýrra bygginga hennar vegna. Auk þess mun þurfa allmikil fjárframlög til aukinna bygginga yfir áhöld vega- og brúargerða. Allan slíkan byggingarkostnað mætti spara, ef landssmiðjan er lögð niður, og þar sem engin nauðsyn er á vegna starfsemi ríkisins, að smiðjan haldi áfram, þá leggjum við flutningsmenn til, að starfsemi hennar hætti svo fljótt sem við verður komið.

Nánar í framsögu.